

Ed. **175. Frumvarp til laga** [102. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, og um breyting á lögum nr. 38/1953, um breyting á þeim lögum og viðauka við þau.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason, Finnbogi R. Valdimarsson.

1. gr.

Aftan við 13. gr. laga nr. 50/1946 bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Fé það, sem veitt er sem ólögboðin eftirlaun eða heiðurslaun samkvæmt fjárlögum, skal ekki koma til frádráttar lífeyri almannatrygginganna nema á sama hátt og aðrar tekjur lífeyrisþega samkvæmt 1. tölulið bráðabirgðaákvæða laganna.

2. gr.

1. málsg. 21. gr. laga nr. 50/1946 orðist svo:

Ellilífeyrisþegi, sem hefur á framfæri sínu börn, yngri en 16 ára, þar með talin fósturbörn, á rétt til að fá greiddan með þeim barnalífeyri, unz þau eru 16 ára. Barnalífeyrir er þó aðeins greiddur með kjörbarni eða fósturbarni, að það hafi verið á framfæri lífeyrisþega, áður en hann fékk rétt til ellilífeyris, og sýnt þykir, að taka þess standi ekki í neinu sambandi við væntanlegar bætur.

3. gr.

1. málsg. 22. gr. laga nr. 50/1946 orðist svo:

Hver sá, sem fær greiddan örorkulífeyri samkvæmt 18. gr. og hefur á framfæri sínu börn yngri en 16 ára, á rétt á að fá greiddan með þeim barnalífeyri eftir sömu reglum og segir í 21. gr. um ellilífeyrisþega.

4. gr.

1. málsg. 23. gr. laga nr. 50/1946 orðist svo:

Ekkja, sem við lát manns síns hefur á framfæri sínu börn yngri en 16 ára, þar með talin fósturbörn, á rétt á að fá greiddan barnalífeyri samkvæmt ákvæðum 20. gr., unz þau eru fullra 16 ára.

5. gr.

32. gr. laga nr. 50/1946 orðist svo:

Fjölskyldubætur skulu greiddar foreldrum barnanna, ef þeir eru á lífi og sjá um uppeldi þeirra. Þó getur Tryggingastofnunin greitt þær öðrum aðila, ef hún telur, að þær komi börnunum að betri notum með þeim hætti, sbr. 33. gr.

Fjölskyldubætur skulu greiddar án tillits til þess, hvort barnalífeyrir er greiddur með hlutaðeigandi börnum eða ekki.

6. gr.

2. málsg. 40. gr. laga nr. 50/1946 falli niður.

7. gr.

Upphaf og 1. töluliður 5. gr. laga nr. 38/1953 orðist svo:

Grunnupphæðir bóttanna samkvæmt II. kafla laganna, 1—4, skulu vera sem hér segir:

1. Árlegur elli- og örorkulífeyrir samkvæmt 15. og 18. gr. laganna:

a. Fyrir hjón, þegar bæði fá lífeyri:

Á 1. verðlagssvæði kr. 8160.00

Á 2. — — 6120.00

b. Fyrir einstaklinga og hjón, þegar annað fær lífeyri:

Á 1. verðlagssvæði — 5100.00

Á 2. — — 3825.00

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1955.

Greinargerð.

Á síðasta þingi fluttu þrjú þingmenn Sósíalístaflokksins í Nd. frumvarp um breytingar á almannatryggingalögum. Inntak þess er tekið upp í 1. gr. og 6.—8. gr. þessa frumvarps. Aðrar efnisgreinar þessa frv. eru nýjar.

Í 1. gr. er lagt til, að heiðurslaun og ólögboðin eftirlaun, sem ákveðin eru í fjárlögum, komi ekki til frádráttar ellilífeyri almannatrygginganna beint eins og verið hefur, heldur aðeins á sama hátt og almennar tekjur lífeyrisþeganna.

Alþingi hefur löngum tekið upp á 18. gr. fjárlaga heiðurslaun eða eftirlaun til gamalla og æruverðugra starfsmanna, án þess að til þess lægi bein skylda. Jafnaðarlega eru fjárhæðir þær, sem þannig eru ákveðnar hverjum einstökum, lægri en ellilífeyrir hlutaðeigandi manna, sem rétt eiga á ellilífeyri.

Fjárveiting Alþingis til þessa fólks á fjárlögum er því alls ekki raunveruleg. Það, sem skeður, þegar ellilífeyrisþegi kemst inn á 18. gr. fjárlaga, er aðeins það, að almannatryggingarnar stöðva einn góðan veðurdag greiðslu ellilífeyris til hans og benda honum á, að í stað ellilífeyris eigi hann nú að innheimta hjá ríkissjóði heiðurs- eða eftirlaun sín.

Þetta kostar hinn aldraða heiðurslaunaþega töluverða fyrirhöfn og umstang einmitt af því tagi, sem mörgu gömlu fólki hentar illa, og á þetta einkum við um þá, sem búsettir eru utan Reykjavíkur. Þurfa þeir að útvega sér trúnaðarmann í höfuðstaðnum, gefa honum umboð til að veita fjárveitingunni úr ríkissjóði viðtöku og fá féð sent. Fjárhagslegur ávinningur er enginn af þessu, heldur aðeins kostnaður og óþægindi.

Nú eru í lögum ákvæði um það, að ellilífeyrir skerðist, ef aðrar tekjur lífeyrisþegans nema hærrí upphæð en lífeyririnn, og falli með öllu niður, nemi tekjurnar þreföldum lífeyri (sbr. lög nr. 50/1946, ákvæði til bráðabirgða, 1. lið). Flm. þessa frv. telja, að eðlilegt sé, að heiðurslaun og ólögboðin eftirlaun lúti þessu almenna ákvæði, en óeðlilegt, að aldnir heiðurslaunaþegar hreppi einungis óþægindi af heiðrinum.

Samkvæmt 2., 3., og 4. gr. er gert ráð fyrir, að elli- og örorkulífeyrisþegar og ekkjur skuli fá greiddan lífeyri með öllum börnum, sem þau hafa á framfæri sínu, jafnt eigin börnum, stjúpbörnum, kjörbörnum og öðrum fósturbörnum. Í núgildandi lögum er rétturinn takmarkaður við eigin börn, stjúpbörn og kjörbörn. Þá er látið niður falla það ákvæði núgildandi laga, að greiðsla barnalífeyris skuli vera bundin við það, að barnið (kjörbarn, fósturbarn) hafi verið á framfæri viðkomandi a. m. k. 5 ár, áður en hann fékk ellilífeyri (eða örorkulífeyri, með undantekningum þó), eða á framfæri hins látna jafnlangan tíma, þegar um ekkjur er að ræða. Þessar takmarkanir eru oft óréttlátar og virðast hafa við veigalítil rök að styðjast.

Í 5. gr. er lagt til, að fjölskyldubætur nái einnig til þeirra barna, sem barnalífeyrir er greiddur með. Hér er um að ræða tillögu til leiðréttingar á því atriði almannatrygginganna, sem brýnust þörf er að bæta um.

Fjölskyldubætur eru nú greiddar án nokkurs tillits til efnahags bótaþeganna. Réttur til fjölskyldubóta fellur einungis niður, ef um barnalífeyrisgreiðslur er að ræða. Þetta þýðir það, að öryrkjar fá engar fjölskyldubætur vegna barna sinna og ekki heldur ellilífeyrisþegar né heldur þeir, sem tekið hafa börn í fóstur og fá með þeim barnalífeyri.

Það fer vægast sagt harla illa á því að undanskilja einmitt þessa aðila fjölskyldubótum, á sama tíma sem hinir best stæðu foreldrar njóta fullra fjölskyldubóta.

Í 6. gr. er lagt til, að niður falli 2. málsg. 40. gr. laga nr. 50/1946. Sú málsgrein er í kaflanum um sjúkrahætur og er þannig:

„Giftar konur fá því aðeins greiddar sjúkrabætur, að þær færi sönnur á, að maður þeirra geti ekki séð þeim farborða.“

Þetta ákvæði útilokar í rauninni giftar konur frá þessum mikilvæga þætti trygginganna. Engum öðrum þjóðfélagsþegni er gert það að skilyrði fyrir sjúkrabótum, að hann sanni óhæfni ættingja sinna eða sífjalliðs til að framfæra sig í veikindum. Flm. þessa frv. sjá enga ástæðu til að setja giftar konur, þ. e. fyrst og fremst íslenzkar húsmæður, þannig skör lægra að því er til þessara réttinda kemur en annað fólk, og telja því meira en tímabært, að þetta ákvæði verði afnumið.

Í 7. gr. er lagt til, að elli- og örorkulífeyrisgreiðslur verði hækkaðar um 25 af hundraði.

Það er kunnara en svo, að ástæða sé til að rekja það hér, hvað kaupmáttur launa hefur farið ört minnkandi að undanfögnu, og er það að sama skapi tilfínna- anlegra fyrir elli- og örorkulífeyrisþega en aðra launþega sem þeirra kostur er óriflegri.

Nú hafa flestar starfsstéttir þjóðfélagsins með samtakamætti sínum náð að hamla að einhverju leyti upp á móti hinni sívaxandi dýrtíð, en þeir, sem einungis hafa lífeyri sér til framfærslu og fá ekki varið kjör sín á þann hátt, hafa um all- langt skeið búið við kosti, sem sífellt hafa þrengzt.

Sú hækkan, sem hér er lögð til, mundi þýða það, miðað við vísitöluna 158, að á 1. verðlagssvæði hækkaði mánaðarlegur elli- og örorkulífeyrir úr 536 kr. í 671 kr. fyrir einstakling, en lífeyrir hjóna mundi hækka úr ca. 860 kr. í 1073 kr. á mánuði.

Hækkunin á lífeyrinum mundi að sjálfsgöðu hækka skerðingartakmörkin, meðan þau eru í lögum. Miðað við núgildandi vísitölu byrjar skerðing hjónalífeyris á 1. verðlagssvæði, þegar tekjurnar eru röskar 10300 kr. á ári, en samkvæmt þeirri breytingu, sem hér er lögð til, ekki fyrr en tekjurnar eru komnar hátt á 13. þúsund, og lífeyrisgreiðslur mundu þá ekki falla niður með öllu, fyrri en heildartekjurnar eru orðnar yfir 38 þús. kr. á ári. Ef um einstakling er að ræða, færast skerðingarmarkið á sama hátt úr tæpum 6500 kr. á ári upp í röskar 8000 kr., en lífeyrisgreiðslurnar falla ekki niður með öllu, fyrr en komið er yfir 24 þús. kr., ef gert er ráð fyrir, að skerðingartakmörk þau, sem nú gilda til bráðabirgða, verði framlengd óbreytt.

Það skal tekið fram, að allar þær breytingar, sem hér er lagt til að gerðar verði á almannatryggingalögum, eru í samræmi við tillögur Kvenfélagasambands Íslands til nefndar þeirrar, sem vinnur að endurskoðun tryggingalaganna.